

Bókasafn Fjölbrautaskóla Suðurlands á Selfossi
starfsskýrsla skólaárið 2013-2014

Starfsfólk:

Starfsmenn bókasafnsins eru tveir. Elín Kristbjörg Guðbrandsdóttir, forstöðumaður og Sigrún Björk Hjálmarsdóttir, bókavörður sem hóf störf við safnið haustið 2013. Stöðugildi við safnið eru tvö.

Opnunartími:

Bókasafnið er opið mánudaga til föstudaga kl. 8:00-16:00. Opnunartími er 40 klst. á viku. Kennsla hefst á morgnana kl. 8:15 og lýkur kl. 16:00 mánudaga til fimmtudaga, á föstudögum lýkur kennsla kl. 15:25.

Útlán:

Útlán eru færð á þrjá vegu: í útlánabátt Gegnis, í tvær bækur í afgreiðslu og skammtímalán innan skólans eru handskráð í afgreiðslu og talin eftir hvern dag. Í aðra bókina í afgreiðslunni eru skráð útlán á myndefni og öðru safnefni sem ennþá er í hliðargrunni Gegnis og í hina bókina geta lánþegar skráð útlán sín þegar starfsmenn eru fjarri. Tímarit eru venjulega ekki lánuð út nema í tengslum við verkefnavinnu nemenda og til kennara.

Algengt er að safnefni sé sett á svokallað „bundið lán“. Þá er safnefni lánað út á viðkomandi kennslustofu, en gjarnan staðsett í gryfjunni og gert er ráð fyrir að nemendur vinni að verkefnum á safninu, ýmist í kennslustundum eða í eyðum. Með þessu móti er unnt að tryggja jafnan aðgang nemenda að heimildum. Mikilvægt er að nemendur láti safnverði vita þegar þeir taka þetta efni út af safninu.

<u>ÚTLÁN:</u>	<u>HAUST 2013</u>	<u>VOR 2014</u>	<u>SAMTALS:</u>
Í GEGNI	1154	1024	2178
Í BÓK	215	321	536
INNAN SKÓLANS	4823	3282	8105
<u>SAMTALS:</u>	6192	4627	10819

Samstarf við önnur söfn:

Samstarf er ágætt við önnur bókasöfn á svæðinu og samráð haft um ýmis mál. Töluvert safnefni er fengið að láni frá söfnum nær og fjær með millisafnalánum og eins lánar skólinn efni til annarra safna þegar þess er óskað.

Listar yfir kjörbækur í íslenskuáföngum við FSu eru sendir í upphafi hvorrar annar til almennings- og skólasafna á Suðurlandi. Söfnin geta þá tekið frá bækur og sett þær á styttri útlánstíma. Á vorönn var tekin upp sú nýbreytni að senda nágrannasöfnum lista yfir ritgerðarefni heimildaritgerða í íslensku 203 og 212.

Millisafnalán:

Samtals voru millisafnalán 69 á skólaárinu. Mikið var fengið að láni frá Bókasafni Árborgar en einnig leitað til safna um allt land ef svo bar undir.

<u>Millisafnalán frá:</u>	<u>Haustönn 2013</u>	<u>Vorönn 2014</u>	<u>SAMTALS:</u>
Bækur frá söfnum	26	10	36
Myndbönd og mynddiskar frá söfnum	9	9	18
<u>SAMTALS:</u>	<u>35</u>	<u>19</u>	<u>54</u>

<u>Millisafnalán til:</u>	<u>Haustönn 2013</u>	<u>Vorönn 2014</u>	<u>SAMTALS:</u>
Bækur til safna	6	6	12
Mynddiskar til safna	2	1	3
<u>SAMTALS:</u>	<u>8</u>	<u>7</u>	<u>15</u>

Gegnir:

Bókasafn Fjölbrautaskóla Suðurlands er aðildarsafn að Gegni, samskrá íslenskra bókasafna. Vorið 2006 voru bókfræðifærslur úr Metrabók, gamla bókasafnskerfinu færðar yfir í Gegni. Alls voru 14.411 skráningarfærslur í Metrabók og tókst að færa yfir 6.467 skráningarfærslur og 7.944 skráningarfærslur höfnuðu í svonefndum hliðargrunni sem er lokaður öllum nema starfsfólki aðildarsafnanna.

Núna eru 597 færslur frá bókasafni FSu eftir í hliðargrunninum, en alls voru 536 færslur færðar úr hliðargrunninum á skólaárinu. Það er gleðilegt að nú er loksins farið að sjá fyrir endann á þessari skráningarvinnu sem er afar seinleg, sérstaklega ef færsla fyrir viðkomandi safnefni er ekki fyrir í Gegni, þá þarf nánast að vinna hana upp á nýtt og lagfæra ýmis atriði.

Við leitir í Gegni hefur stundum borið við að komið hafi í ljós safnefni með gömlum númerum úr Metrabók. Þetta er efni sem ekki kom í leitirnar á sínum tíma þegar skipt var um strikamerki á öllum safngögnum og er því í rauninni glatað efni. Starfsfólk Landskerfis veitti aðstoð við keyra út lista yfir þetta efni og í framhaldinu var það kerfisbundið afskráð, bæði úr Gegni og Metrabók.

Allt nýtt efni sem berst á safnið er nú skráð og tengt í Gegni að undanskildum kvikmyndum sem enn eru skráðar í Metrabók.

Starfsmannaáðgangur er að Metrabók, gamla bókasafnskerfinu og hefur það komið sér vel við yfirfærslu safngagna úr hliðargrunni Gegnis að geta skoðað skráningu í Metrabók.

Kostnaður við þátttöku í Gegni var kr. 399.895 á árinu 2013 eða kr. 33.324 á mánuði. Skólinn greiðir fyrir alla mánuði ársins.

Gagnasöfn:

Íslendingar hafa landsaðgang að rafrænum gagnasöfnum og tímaritum á vefsíðunni <http://www.hvar.is>. Þar er aðgangur að heildartexta tímaritsgreina úr um 21 þúsund tímaritum og útdráttum greina um 10 þúsund tímarita. Ríflega 200 aðilar greiða fyrir aðganginn, þar á meðal eru almenningsbókasöfn, bókasöfn framhaldsskóla, íslenskir háskólar, bókasöfn

heilbrigðisstofnana, ráðuneyti, rannsóknar- og stjórnsýslustofnanir, opinber hlutafélög, fyrirtæki o.fl. Einnig er greitt til Landsaðgangsins með framlögum á fjárlögum. Alls voru greiddar um 240 millj. kr. fyrir gögn í Landsaðgangi árið 2013.

Framhaldsskólarnir hafa frá upphafi tekið þátt í kostnaði við landsaðganginn og er greiðsluupphæð miðuð við nemendafjölda hvers skóla. Á árinu 2013 greiddi FSu kr. 80.801. Greitt er fyrir hlutdeild að eftirtöldum gagnasöfnum: Britannica Online, Ebsco Host, Oxford Art Online og Oxford Music Online, Greinasafn Morgunblaðsins (nema síðustu þrjú ár hverju sinni), ProQuest Central og Web of Science - ISI.

Leitir.is er vefur sem var opnaður 11.11.2011 og veitir hann upplýsingar um bækur, hljóðbækur, rafbækur, tímarit, tímaritsgreinar, ljósmyndir, myndefni, tónlist, hljóðrit, nótur, skýrslur og lokaverkefni háskólanema. Hluti gagnanna er í rafrænum aðgangi. Leitað er samtímis í átta gagnasöfnum:

- Bækur.is, stafræn endurgerð gamalla íslenskra bóka
- Elib, áskrift bókasafns Norræna hússins að rafrænum bókum
- Gegnir, samskrá íslenskra bókasafna
- Hirsla, vísinda- og fræðigreinar starfsmanna Landspítala- háskólasjúkrahúss
- Hvar.is, landsaðgangur að erlendum gagnasöfnum og rafrænum tímaritum
- Myndavefur Ljósmyndasafns Reykjavíkur, inniheldur fjölmörg ljósmyndasöfn í eigu safnsins
- Skemman, safn námsritgerða og rannsóknarita háskólanna
- Timarit.is, veitir aðgang að fjölmörgum dagblöðum og tímaritum sem hafa verið gefin út á Íslandi, Grænlandi og í Færeyjum

Á skólanetinu er opinn aðgangur að veforðabókum Snöru og eru þær mikið notaðar bæði af nemendum og kennurum.

Opnað var að nýju fyrir aðgang á skólanetinu að greinasafni Morgunblaðsins haustið 2013. Í kaupbæti fær skólinn frítt pappírseintak af blaðinu. Aðgangurinn er hafður opinn á skólatíma en lokaður yfir sumarið.

Safnfræðsla:

Nýnemadagur var haldinn upphafi haustannar 22. ágúst. Tekið var á móti sjö hópum nýnema sem komu á safnið í fylgd kennara og fengu þeir örstuttu kynningu á þjónustu safnsins og hvað það hefur upp á að bjóða.

Nemendur í lífsleikni fá safnkynningu bæði á haustönn og vorönn. Safnkynningin tekur eina kennslustund (75 mín.) og er kynning á safninu, safnkosti og þeirri þjónustu sem í boði er. Kennar eru leitir í ýmsum gagnasöfnum. Mikil áhersla er lögð á að kenna nemendum að nota Leitir.is og hvernig hægt er að leita eingöngu að safnefni sem er til hér í FSu. Einnig fá nemendur að kynna Timarit.is og alfræðiritinu Britannicu. Í lok tímans vinna nemendur verkefni á bókasafni sem m.a. þjálfar þá í að leita að heimildum inni á Leitum.is og finna út staðsetningu þeirra á safninu.

Kennarar sem kenna NÁT 123 óskuðu eftir safnkynningu fyrir sína nemendur, bæði á haustönn og vorönn. Rík áhersla er lögð á kenna nemendum að nýta sér ýmis gagnasöfn við heimildaleitir en töluvert reynir á úrræðasemi þeirra í þessum áfanga við heimildaöflun. Leitum.is er að sjálfsgöngu haldið mjög á lofti, en auk þess fengu nemendur kynningu á Vísindavefnum, Timarit.is, Britannicu og Google Scholar. Nemendur vinna svo verkefni í heimildaöflun sem gildir til einkunnar og hluti þess gagnast þeim sem upphafspunktur fyrir frekari leitir. Tímasetning safnkynninga skiptir heilmiklu máli og forsenda þess að þær skili tilætluðum

árangri. Því er nauðsynlegt að kennarar hafi sett nemendur vel inn í fyrirhugaða verkefnavinnu áður en byrjað er að dæla yfir þá fróðleik um hin fjölbreytilegu tól og tæki sem hægt er að nota við heimildaöflun.

Stuttar kynningar voru haldnar á báðum önnunum fyrir nemendur í ÍSL 203 og ÍSL 212. Þeim var ætlað að fleyta nemendum af stað við öflun efnis fyrir heimildaritgerðir. Til að auðvelda enn frekar fyrstu skrefin er gjarnan sett á bundið lán efni sem gagnast og nemendur fá einnig mikla aðstoð við heimildaleitir á safninu. Það er þó alltaf ítrekað við þá að unnt sé að finna fullt af öðru efni ef leitað er betur inn á leitum.is og þeir hvattir til að nota almenningubókasöfnin hér allt í kring.

Mikil verkefnavinna var á safninu á haustönn og um miðja önnina voru 7-8 verkefni í gangi á sama tíma.

Starf vorannar einkenndist töluvert af af umræðu og áhyggjum af yfirvofandi verkfalli framhaldsskólakennara en það hófst 17. mars og stóð til 4. apríl. Mikil verkefnavinna hafði verið í gangi vikunnar fyrir verkfall. Bókasafnið var opið eins og venjulega meðan á verkfallinu stóð og nemendur voru nokkuð duglegir að nota safnið, sérstaklega fyrstu tvær vikunnar. Það var mikil gleði þegar hjólin fóru aftur að snúast mánudaginn 7. apríl og ánægjulegt hversu sælir nemendur voru með að koma aftur í skólann.

Hluti af vorboðunum á safninu eru heimsóknir grunnskólanemenda á Suðurlandi sem heimsóttu skólann um mánaðarmótin apríl-maí. Alls komu níu hópar og skoðuðu safnið.

Samstarf við kennara varðandi verkefnavinnu á safninu er almennt mjög gott. Flestir láta vita með fyrirvara áður en þeir leggja inn verkefni fyrir nemendur en stundum vill það gleymast og þá þarf að bregðast skjótt við og finna til heimildir. Best er að fá smá tíma til undirbúnings áður en verkefni fara af stað, kanna hvaða heimildir eru til, í hvaða gagnasöfnum er best að leita, útbúa efnisorðalista sem auðveldar leit, kaupa efni ef með þarf og setja viðeigandi safnefni á bundið lán.

Skráning:

Skráning safnkosts og frágangur hans er stór liður í starfi safnsins. Áhersla er lögð á að skrá nýtt safnefni eins fljótt og hægt er. Eldra safnefni er skráð eftir því sem tími vinnst til svo og bókaþjafir frá ýmsum aðilum.

Mikil vinna var unnin við skipulagningu safnkosts á skólaárinu. Safnið býr við mikil þrengsli og það vantar fleiri bókahillur. En sá galli er á gjöf Njarðar að ef fjölga ætti bókahillum myndi það verða á kostnað lesbása. Íslenskar og þýddar skáldsögur útgefnar fyrir 1980 voru skráðar í geymslu, ennfremur voru nokkur íslensk ritsöfn geymsluskráð. Í desember var gerður hillulisti fyrir Dewey-flokkana frá 000-399 og hann borinn kerfisbundið við safnefni inn í hillum. Ýmislegt kom í ljós sem þarfnaðist athugunar, t.d. efni sem þurfti að endurskrá, gamalt og lítið notað efni var geymsluskráð og úrelt efni grisjað. Nokkuð var grisjað af gömlum tímaritum og ársskýrslum.

Enskum léttlestrarbókum var raðað saman í hillu, en áður voru þær innan um og saman við aðrar enskar skáldsögur. Þetta auðveldar nemendum starfsbrautar að velja sér kjörbækur í ensku.

Tímarit:

Bókasafnið er áskrifandi að um 40 tímaritum, þ.m.t. fréttabréfum. Einnig á safnið mörg eldri tímarit sem hætt hefur verið útgáfu á. Eldri tímaritin eru geymd í geymslu í kjallara en þau nýrri í gryfju bókasafnsins.

Öll tímarit í eigu safnsins voru tölvuskráð í Metrabók en í ársbyrjun 2009 var byrjað að skrá aðföng flestra tímarita sem berast í Gegni. Á heimasíðu bókasafnsins er listi yfir tímaritaeign safnsins. Á liðnu skólaári var nokkuð grisjað út af gömlu efni, einkanlega ársskýrslur ýmissa stofnana sem hafa ekki sama upplýsingavægi og áður þar sem efnið er nú í auknum mæli orðið aðgengilegt á netinu.

Gjafir:

Margar góðar gjafir bárust bókasafninu veturinn 2013-2014. Þar bar hæst veglega gjöf frá Bókasafni Árborgar: Riddarasögur í sex bindum, Þiðreks sögu af Bern, Biskupasögur og Íslendingasögur í tólf bindum sem Guðni Jónsson bjó til prentunar. Þessi gjöf jók verulega við bókakostinn í íslensku fornbókmenntunum.

Það er líka gaman að gefa! Bókasafnið færði Héraðsskjalasafni Árnesinga árganga af Sveitarstjórnarmálum frá árunum 1969-2001 en svo heppilega vildi til að safnið átti í fórum sínum tvítök af þessum blöðum.

Alls voru skráðar 126 bækur og tvö myndbönd. Safnið áskilur sér rétt til að taka við gjöfum án kvaða og ráðstafa þeim eins og hentar best notendum og starfsemi.

Skráður safnkostur bókasafns FSu:

<u>Bækur og nýsigögn</u>	<u>Maí 2013</u>	<u>Afskrifað 2013-2014</u>	<u>Aðföng 2013-2014</u>	<u>Maí 2014</u>
<u>BÆKUR</u>	16.733	497	508	16.744
<u>MYNDBÖND</u>	389	15	2	376
<u>DVD</u>	407	3	26	430
<u>HLJÓMPLÖTUR</u>	130			130
<u>GEISLADISKAR</u>	147		2	149
<u>HLJÓÐBÆKUR</u>	132		27	159
<u>SNÆLDUR</u>	175	91		84
<u>MARGM.DISKAR</u>	62	9		53
<u>TÖLVUDISKL.</u>	1	1		0
<u>SKYGGNUR</u>	11			11
<u>FORRIT</u>	6			6
<u>GLÆRUR</u>	20			20
<u>LEIKJAK. / SPIL</u>	49		13	62
<u>GAGNASETT</u>	2			2
<u>KORT</u>	28	16		12
<u>SAMTALS</u>	<u>18.292</u>	<u>632</u>	<u>578</u>	<u>18.238</u>

Aðföng og skráning 2013-2014:

<u>Aðföng</u>	<u>Haustönn 2013</u>	<u>Vorönn 2014</u>	<u>Samtals</u>
Bækur	305	203	508
Mynddiskar (DVD)	18	8	26
Myndbönd		2	2
Geisladiskar		2	2
Hljóðbækur	16	11	27
Spil/leikjakassar	13		13
<u>SAMTALS</u>	<u>352</u>	<u>226</u>	<u>578</u>

Rekstrarkostnaður 2013:

Bækur	698.917
Tímarit og blöð	177.968
Myndefni	66.045
Margmiðlunarefni	12.876
Kostnaður vegna Gegnis, landskerfis bókasafna	399.895
Landsaðgangur að gagnasöfnum	80.801
Snara, veforðabækur	210.000
Millisafnalán	4.820
Tölvuvörur (minnislykill)	1.791
Blek í litaprentara	56.555
Prentduft í laserprentara	43.953
Ritföng, bréfabindi, umbúðir um safnefni	10.478
Mynddiskar til afritunar	7.395
Bókaplast	41.060
Leturborðar fyrir merkivél	24.009
Viðgerðir áhalda og húsgagna	1.689
Viðgerðir á safnefni	841
Viðhaldskostnaður	1.456
Tollar og aðflutningsgjöld	25.710
Dráttarvextir	<u>273</u>
	1.866.532
Tekjur vegnar ljósritunarvélar og fl.	<u>43.703</u>
	1.822.829

Tæki og búnaður:

Á bókasafninu eru nú 12 tölur, ein fartölva, tveir skannar, skrifari, einn litaprentari (í afgreiðslu), einn laserprentari (nemendaprentari), tvöfalt segulbandstæki til afritunar, lítið stafrænt upptökutæki, sjónvarp, myndbandstæki, DVD-spilari, ritvél, leturvél og sími. Ljósritunarvél er á safninu og greiða nemendur 15 kr. fyrir hvert ljósritað blað.

Í ársbyrjun færðu Hollvarðasamtök FSu skólanum vandaðan skanna, Epson Perfection V750 Pro. Hann er fyrst og fremst ætlaður til skönnunar á myndasafni skólans sem fyllir mörg myndaalbúm. Starfsmenn Héraðsskjalasafns Árnesinga veittu góð ráð við val á skanna og aðferðir við skönnun.

Borðtölva í afgreiðslu var endurnýjuð í byrjun febrúar og keypt ný tölva af gerðinni Dell Optiplex 3010.

Á bókasafninu eru hillur, lesbásar, skrifborð og afgreiðsluborð sem voru sérsníðuð á sínum tíma.

Skipt var um áklæði á 25 stólum á bókasafninu og nú eru nánast allir stólar komnir með sama ljósgráa litinn sem tónar ágætlega við lesbása og gólfefni.

Vinnuástaða:

Vinnuástaða bókavarda samanstendur annars vegar af afgreiðslurými þar sem upplýsingaþjónusta og afgreiðsla fer fram og hins vegar af vinnurými inn af afgreiðslu. Í afgreiðslurýminu eru staðsettur litaprentari sem nemendur og starfsmenn hafa aðgang að. Aðalprentari nemenda, laserprentari af gerðinni HP LaserJet P3015 er staðsettur við hringstigann.

Vinnuástaða forstöðumanns er inn af afgreiðslu, þar er aðstaða til skráningar og annarrar undirbúningsvinnu. Þar er einnig úrklippusafn í skjalaskáp sem aðallega inniheldur bæklinga og ýmislegt fræðsluefni. Heilmikið af úreltu efni, t.d. gömlum blaðaúrklippum, var grisjað úr úrklippusafninu nú í vor. Í þessu vinnurými eru einnig geymd myndbönd safnsins og kennslubækur sem kenndar eru hverju sinni og eru þær lánaðar til nemenda í skamman tíma. Geisladiskar og hljóðbækur eru staðsettar í hillum við afgreiðslu.

Sl. haust var vinnuástaða til plöstunar og viðgerða á safnefni færð í minni geymsluna í kjallaranum. Þar með var unnt að bæta hóp vinnuástöðu nemenda í opnu rýminu í kjallara og er óhætt að segja að nemendur hafi tekið þessari breytingu fagnandi. Í kjallaranum er auk þess stærri geymsla er fyrir eldri og minna notaðar bækur og tímarit.

Fundur, námskeið og ráðstefnur:

Elín forstöðumaður safnsins sótti kennarafundi á skólaárinu og fundi með stýrihópi um upplýsingatækni sem haldnir eru hálfsmánaðarlega.

Sigrún Björk fór á grunnnámskeið hjá Landskerfi bókasafna 10. september. Þar var farið yfir almenna kynningu á Gegni og Leitum og kenndar ýmsar leitaráðferðir. Auk þess var kennsla í útlánum og tengingum eintaka í Gegni.

Sigrún sótti einnig ráðstefnuna „Frá skruddum til skýja – Rannsóknir í bókasafns- og upplýsingafræði“ var haldin 8. nóvember. Þar kynntu nýútskrifaðir meistaranemar í bókasafns- og upplýsingafræði rannsóknir sínar. Ráðstefnan er árlegur viðburður á vegum námsbrautar í bókasafns- og upplýsingafræði við Félags- og mannvísindadeild Háskóla Íslands.

Elín fór á málþing um nám og framtíð bókasafns- og upplýsingafræðinga sem haldið var í Reykjavík 22. nóvember. Kveikjan að málþinginu er sú staðreynd að grunnnám í bókasafns- og upplýsingafræði var lagt niður frá og með haustinu 2013 og er greinin nú kennd á meistarastigi og doktorsstigi við Háskóla Íslands. Dregin voru fram ýmis sjónarmið um hvaða áhrif þetta muni hafa á stéttina á næstu árum.

Fundir hjá Samstarfshópi bókasafnsfræðinga í framhaldsskólum eru haldnir reglulega yfir skólaárið. Að þessu sinni voru þeir í Menntaskólanum við Hamrahlíð 12. nóvember, jólafundur í Menntaskólanum í Kópavogi 16. desember, Tækniskólanum 1. apríl og Fjölbrautaskóla Suðurnesja 2. júní nk. Þessir fundir eru afar mikilvægur vettvangur fyrir umræður og skoðanaskipti um málefni bókasafna framhaldsskólanna. Að auki er starfræktur virkur póstlisti frh-bok og þar er gott að eiga hauka í horni við ýmis úrlausnarefni.

Selfossi 4. júní 2014

Elín Kristbjörg Guðbrandsdóttir,
forstöðumaður bókasafns Fjölbrautaskóla Suðurlands